

hendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða aðildarskjala vegna samnings þessa til vörslu og um dag þann er samningurinn öðlast gildi, og skal senda allar aðrar tilkynningar sem honum berast samkvæmt samningnum.

## 9. gr.

Tveimur árum eftir gildistöku samningsins getur samningsaðili tilkynnt uppsögn á samningnum af sinni hálfu með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópubandalaganna. Slík uppsögn öðlast gildi einu ári eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópubandalaganna berst tilkynningin.

## 10. gr.

Samningurinn gildir í fjögur ár. Sé verkefninu ekki lokið innan þess tíma geta samningsaðilar framlengt hann í því skyni að ljúka því.

## 11. gr.

Þessi samningur skal varðveittur hjá aðalframkvæmdastjórn ráðs Evrópubandalaganna og skal hún senda öllum samningsaðilum staðfest afrit af honum. Enski og franskir textinn eru jafngildir.

GIJÖRT í Brussel 21. nóvember 1983.

of instruments of ratification, acceptance or accession to this Agreement and the date of its entry into force and shall forward all other notices which he has received under the Agreement.

## Article 9

Any Party may give notice of its withdrawal from the Agreement two years after its entry into force by written notification to the Secretary-General of the Council of the European Communities. Such withdrawal shall take effect one year from the date of the receipt by the Secretary-General of the Council of the European Communities of this notification.

## Article 10

This Agreement shall remain in force for 4 years. If the project is not completed within that time the Parties may agree to prolong it in order to complete the project.

## Article 11

This Agreement, of which the French and English texts are equally authentic, shall be deposited with the General Secretariat of the Council of the European Communities, which shall transmit a certified copy to each of the Parties.

Done at Brussels on the twenty first day of November in the year one thousand nine hundred and eighty three.

## AUGLÝSING

**um framlengingu samkomulags milli Norðurlanda og Mósambík um  
þróunaraðstoð á sviði landbúnaðar.**

Með bréfum 17. apríl og 1. júní 1985 var samkomulag frá 26. nóvember 1980 milli ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og ríkisstjórnar Mósambík um þróunaraðstoð á sviði landbúnaðar (MONAP II) framlengt til 30. júní 1985, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1980 og 13/1984.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1985.*

**Geir Hallgrímsson.**

*Ingvi S. Ingvarsson.*